

269. fundur Skólanefndar FS

12. apríl 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Páll Ingólfsson, Böðvar Jónsson, Guðjón Kristjánsson, áheyrnarfulltrúarnir Þorbjörg Garðarsdóttir og Gústav A.B. Sigurbjörnsson og Oddný Harðardóttir skólameistari. Böðvar Jónsson ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Lausar kennarastöður.
 2. Beiðnir um launalaus leyfi.
 3. Bæklingar um skólann.
 4. Samstarf FS og Íþróttakademiunnar.
 5. Uppgjör 2003 og 2004.
 6. Útskrift.
 7. Önnur mál.

1. Lausar kennarastöður.

Skólastjóri fór yfir lausar kennarastöður sem auglýstar hafa verið á Starfatorginu og verða auglýstar tvívegis eins og reglur gera ráð fyrir. Umsóknarfrestur er til 25.apríl n.k.

2. Beiðnir um launalaus leyfi.

Tvær umsóknir liggja fyrir um töku leyfis án launa frá Guðbjörgu Jónsdóttur og Elísabetu Karlsdóttur. Að tillögu skólameistara samþykkir skólanefnd launalaust leyfi fyrir ofangreinda aðila, skólaárið 2005-2006.

3. Bæklingar um skólann.

Skólameistari greindi frá samningi við Intro ehf. um gerð tveggja bæklinga fyrir skólann. Annar er kynningarbæklingur fyrir nemendur í 10. bekk grunnskólanna en hinn upplýsingabæklingur sem dreift verður í öll hús á Suðurnesjum. Formaður kom fram með tillögu um gerð kynningarmyndbands sem hægt væri að nálgast á heimasíðu skólans.

4. Samstarf FS og Íþróttakademiunnar.

Skólameistari greindi frá fyrirhuguðu samstarfi Fjölbrautaskólans og Íþróttakademiunnar sem til stendur að hefjist frá og með næsta skólaári. Boðið verður upp á stúdentsbraut í náttúrufræði fyrir afreksunglinga í íþróttum sem njóta munu leiðsagnar og þjálfunar í nokkrum íþróttagreinum. Fyrirhugað er að 25 nemendur stundi nám með þessum hætti frá og með næstu haustönn.

5. Uppgjör 2003 og 2004.

Skólameistari lagði fram uppgjör áráanna 2003 og 2004 og greindi frá því að uppgjör ársins 2004 væri jákvætt og skilaði afgangi. Starfsdeildin er þó rekin með verulegu tapi eins og í fleiri skólum á landinu.


6. Útskrift.

Skólameistari greindi frá að 90 nemendur hefðu skráð sig til útskriftar á vorönn 2005. Útskriftin verður gerð frá sal skólans þann 21. maí n.k. kl. 14:00.

7. Önnur mál.

- a) Formaður greindi frá því að framkvæmdir við lóð skólans væru á áætlun en til stendur að framkvæmdum ljúki fyrir 15. maí 2005. Jafnframt var fjallað um aðrar framkvæmdir, m.a. vegna nýbyggingar skólans.
- b) Skólameistari kynnti heimasíðu skólans fyrir nefndarmönnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Böðvar Jónsson,
fundarritari